

Ó þá náð að eiga Jesú

Miskunnarbæn Þorvaldar Halldórssonar

Drottinn Guð ég hugsa stundum

Trú von og kærleik

Altarisganga

Ég er lífsins brauð

Lambið Guðs

Forgive me

Skapa í mér hreint harta

Drottinn blessi þig

* Born to be wild (Pétur og co.)

*Eftirspilsdjamm (Pétur og co.)

Ó, þá náð að eiga Jesú

Ó, þá náð að eiga Jesú

einkavin í hverri þraut.

Ó, þá heill að halla mega

höfði sínu' í Drottins skaut.

Ó, það slys því hnossi' að hafna,

hvílíkt fár á þinni braut,

ef þú blindur vilt ei varpa

von og sorg í Drottins skaut.

Eigir þú við böll að búa,

bíðir freistni sorg og þraut,

óttast ekki, bænin ber oss

beina leið í Drottins skaut.

Hver á betri hjálp í nauðum?

Hver á slíkan vin á braut,

hjartans vin sem hjartað þekkir?

Höllum oss í Drottins skaut.

Ef vér berum harm í hjarta,

hryggilega dauðans þraut,

þá hvað helst er herran Jesús

hjartans fró og líknarskaut.
Vilji bregðast vinir þínir,
verðirðu' einn á kaldri braut,
flýtt þér þá að halla' og hneigja
höfuð þreytt í Drottins skaut.

Miskunnarbæn – Himneski faðir

Himneski faðir, veit oss þína miskunn.
Himneski faðir, miskunna þú oss.
Drottinn vor Kristur, veit oss þína miskunn.
Drottinn vor Kristur, miskunna þú oss.
Himneski faðir, veit oss þína miskunn,
bænheyr þú oss Drottinn,
miskunna þú oss.

Drottinn Guð ég hugsa stundum.

Drottinn Guð ég hugsa stundum:
Hvernig gat ég lifað án þín
án þíns mikla kærleika
án föðurhjarta þíns?
Núna er ég barn þitt
Ég er hluti af þinni fjölskyldu
og ég verð aldrei einmanna
því Drottinn þú ert hér við hlið mér

∴Ég vil syngja lofsöng, ég vil syngja lofsöng,
ég vil syngja lofsöng að eilífu∴∴

Trú, von og kærleikur

Heyr þann boðskap er boða við megum
bundinn friði og réttlæti' í heimi (x2)
Um trú, von og kærleik.
Þar er sigur hins góða á jörð (x2)

Þetta guðspjall sem gaf okkur Kristur
gefur fátækum nýtt líf og fögnuð (x2)
Um trú, von og kærleik
Þar er sigur hins góða á jörð (x2)

Þetta guðspjall sem gaf okkur Kristur
gefur þrælum og fjötruðum frelsi (x2)
Um trú, von og kærleik
Þar er sigur hins góða á jörð (x2)

Með þeim boðskap er boða við eigum
boðast líkn hinum þjáðu og smáðu (x2)
Um trú, von og kærleik
þar er sigur hins goða á jörð (x2)

Lífsins brauð

∴:Ég er lífsins brauð∴:
Þann sem kemur til mín
mun aldrei hungra
Ég er lífsins brauð

∴:Ég er lífsins vatn∴:
Þann sem trúir á mig
mun aldrei þyrsta
Ég er lífsins vatn.

Sjá hér er lambið Guðs

∴:Sjá hér er lambið Guðs
sem hreinsar burt
sem hreinsar burt
syndir þessa heims∴: 2x

Sjá, hér er lambið Guðs
hvítt sem snjór
hreint sem gull.
Heimurinn mun ei
þekkja meiri ást
...en lambið Guðs

Forgive me

Let your glory fill this place
Create in me a whole new space
Where I worship you father
In spirit and in truth

Remove from me a heart of stone
This cry is from a heart that's cold
Renew a fresh passion,
Ignite the flame that once burned bright

∴:Hear me call, to you

Hear this cry, oh God
I am sorry Lord,
Forgive me...,:

Skapa í mér hreint hjarta

,: Skapa í mér hreint hjarta, ó, Guð
og veit mér stöðugan anda á ný. ,,:
Varpa mér ei burt frá augliti þínu.
Tak ei þinn heilaga anda frá mér.
Veit mér á ný fögnuð þinn og gleði
Að ég megi með fúsleik þjóna þér.

Blessunarorðin

,:Drottinn blessi þig,:
,:og varðveiti,:
Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig.
,:Drottinn blessi þig,:
,:og varðveiti,:
Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig.
Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig
,:og gefi þér,:
,:sinn frið,:
Drottinn sé þér náðugur.